



Borgarráð

Reykjavík, 10. nóvember 2025

MSS25110024

Tillögur vegna reglulegs eigendafundar Orkuveitu Reykjavíkur í nóvember 2025

Boðað hefur verið til reglulegs eigendafundar í Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. ákvæði 5.5. í sameignarsamningi um félagið, þann 14. nóvember n.k. Samkvæmt grein 5.4. í sameignarsamningi hafa handhafar eigendavalds OR tillögu- og atkvæðisrétt á eigendafundum.

Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna. Eftirfarandi tillögur verða lagðar fram til afgreiðslu á eigendafundi OR þann 14. nóvember:

2. Arðsemissstefna. Til samþykktar.
3. Arðgreiðslustefna. Til samþykktar.
4. Áhættustefna. Til samþykktar (m br).

Fyrir liggja umsagnir fjármála- og áhættustýrasviðs Reykjavíkurborgar um tillögur nr. 2, 3 og 4. Lagt er til að borgarráð samþykki tillögur nr. 2, 3 og 4. Trúnaður ríkir um afgreiðslu borgarráðs og gögn málsins fram yfir eigendafund OR.

Heiða Björg Hilmysdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Fundarboð, dags. 5. nóvember 2025 á reglubundinn eigendafund Orkuveitunnar 14. nóvember 2025.

Fjárhagsspá 2026. TRÚNAÐARMÁL.

Langtímaspá 2026-2030.

Arðsemissstefna.

Argreiðslustefna.

Áhættustefna.

Skýrsla um framfylgd eigendastefnu.

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um arðsemissstefnu, arðgreiðslustefnu og áhættustefnu, dags. 10. nóvember 2025.



Reykjavík

Fjárhagsspá 2026 Horfur 2025 Langtímaspá 2027-2030

Til kynningar í stjórn Orkuveitunnar
29. september 2025

Orkuveita Reykjavíkur
kt. 551298-3029
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík


Hlutverk og stefna	3
Skipulag.....	4
Inngangur.....	5
Áherslur 2026-2030.....	7
Forsendur fjárhagsspár 2026-2030.....	8
Forgangsröðun og mat á fjárfestingum.....	8
Fjárhagsspá 2026-2030.....	9
Lykiltölur	15
Horfur og spá 2025-2030 – Rekstrarreikningur	16
Horfur og spá 2025-2030 – Efnahagsreikningur.....	17
Horfur og spá 2025-2030 – Sjóðstreymi	18

Hlutverk og stefna

Orkuveitan er orku-, veitu- og nýsköpunarfyrirtæki sem veitir meirihluta landsmanna og stórum hluta atvinnulífs í landinu grunnþjónustu. Hún nýtir auðlindir á ábyrgan, sjálfbæran og hagkvæman hátt af virðingu fyrir náttúrunni án þess að ganga á rétt komandi kynslóða. Gildi Orkuveitunnar eru;

Frumkvæði | Framsýni | Hagsýni | Heiðarleiki

Aflvaki sjálfbærrar framtíðar er yfirskrift heildarstefnu Orkuveitunnar, sem staðfest var af eigendum fyrirtækisins í júní 2024. Áherslur stefnunnar eru fjórar þar sem hver styður aðra.



- **Fyrir viðskiptavininn**, þar sem ánægja fjölbreyttra viðskiptavina með snjalla og örugga þjónustu er sett í forgang.
- **Aukið framboð og sjálfbærar lausnir**, þar sem áhersla er á aukna orkuframleiðslu með ábyrgri auðlindanýtingu og minnkandi kolefnisspori á sama tíma og veitukerfin styðja við sjálfbæra þróun.
- **Nýsköpun og öflugt samstarf** við hagsmunaaðila að virðisaukandi lausnum sem eru innleiddar með kvikum og skilvirkum hætti.
- **Árangursmiðuð liðsheild og ábyrgur rekstur** sem miðar að traustum fjárhag undir framsýnni forystu fjölbreyttrar liðsheildar.

Stefnumótun og markmiðssetning Orkuveitunnar byggir á eigendastefnu sem upphaflega var samþykkt í sveitarstjórnnum eigenda árið 2012. Hún hefur verið uppfærð síðan og nú stendur yfir endurskoðun hennar meðal annars m.t.t. nýrrar heildarstefnu fyrir fyrirtækið.

Heildarstefna Orkuveitunnar er stefna samstæðunnar. Svið og dótturfélög hafa jafnframt mótað sér framtíðarsýn og stefnu um hvernig þau uppfylla best hlutverk sitt innan samstæðunnar til sameiginlegs árangurs.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Um leið og Orkuveitan eflir samfélög til sjálfbærni gætir hún að því að eigin starfsemi standist strangar kröfur og viðmið um sjálfbæran rekstur. Fyrirtækið nýtur margvíslegrar alþjóðlegar vottunar á því sviði og starfar að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með sérstakri áherslu á sex þeirra.



Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflð



Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess svo og hreinlætisaðstöðu



Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði



Sjálfbær neyslu- og framleiðslu-mynstur verði tryggð



Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra



Vernda og endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, ... endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni

Skipulag

Skipulag Orkuveitunnar ræðst meðal annars af þeim breytingum sem gerðar voru á raforkulögum í ársbyrjun 2014. Orkuveitan er nú samstæða fyrirtækja þar sem móðurfélagið veitir í senn forystu og sameiginlega þjónustu. Dótturfélögin eru;

- **Veitur**, sem sjá um uppbyggingu og rekstur vatns-, hita-, raf- og fráveitukerfa sem flest eru starfsrækt með sérleyfi,
- **Orka náttúrunnar**, sem rekur orkuver sem gefa af sér rafmagn og heitt vatn. Rafmagnið er selt á samkeppnismarkaði og ON er í forystu um sölu rafmagns til orkuskipta í samgöngum.
- **Ljósleiðarinn** byggir upp og rekur gagnaflutningskerfi sem er grunnstoð samkeppni á fjarskiptamarkaði, og
- **Carbfix**, sem spornar gegn loftslagsvánni með frekari þróun og uppbyggingu á tækni til kolefnisbindingar í bergi.

Orkuveitan




Orkuveitan er sameignarfyrirtæki sem starfar samkvæmt lögum nr. 136/2013. Eigendur Orkuveitunnar eru þrír; Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Sveitarstjórnir eigendanna kjósa fyrirtækinu stjórn sem er hvort tveggja skipuð sveitarstjórnarfólki og fólki sem er óháð eigendunum.

Eigendur Orkuveitunnar



Forstjóri Orkuveitunnar fer með eignarhald í dótturfélögum. Innan móðurfélagsins eru þrjú svið sem þjóna allri samstæðunni; *Mannauður og tækni*, *Rannsóknir og nýsköpun* og *Fjármál*. Undir forstjóra heyra einnig *Samskipti* og *Lög, lendur og áhætta* og starfa hvor tveggja með öllum fyrirtækjunum í samstæðunni.

Skipurit Orkuveitunnar í september 2025




Inngangur

Fjárhagsspá samstæðu Orkuveitunnar fyrir árið 2026 og langtímaspá fyrir árin 2027-2030 er samandregin fyrir móðurfélagið og dótturfélögin; Veitur, Orku náttúrunnar, Ljósleiðarann og Carbfix. Spá hvers dótturfélags hlýtur samþykki stjórnar viðkomandi félags áður en samstæðuspáin er samþykkt í stjórn Orkuveitunnar.

Heildarstefna Orkuveitunnar er stefna um vöxt. Það er í takti við vöxt samfélagsins sem fyrirtækin í samstæðunni þjóna. Þar fjölgar íbúum ört, húsnæðisupbygging er veruleg og ferðafólki fjölgar. Aukin umsvif í atvinnulífi og nauðsynleg umskipti í loftslagsmálum kalla á meiri endurnýjanlega orku.


Um leið og Orkuveitan er aflvaki með því að vörur hennar og þjónusta efla vöxt samfélagsins með sjálfbærni að leiðarljósi, er þess gætt að grunnþjónusta sé áreiðanleg, á sanngjörnu verði og að hún þróist með nýrri tækni og nýjum lausnum.

Þjónustuöryggi veitnanna



Þjónustuöryggi er reiknað þannig að samanlagðri tímalengd ófyrirséðra truflana sem viðskiptavinir verða fyrir er deilt niður á alla viðskiptavini hversrar veitu. Einstakar umfangsmiklar bilanir valda helst sveiflum milli ára. 50 mínútur án þjónustu svara til 99,99% afhendingaröryggis. Þjónusturof vegna viðhalds er hér ekki meðtalið.

Þróun gjaldskrár sérleyfisþjónustu 2014-2025



Frá því að Orkuveitunni var skipt upp að lagaboði í ársbyrjun 2014 hafa gjaldskrár sérleyfisþjónustu Veitna flestar lækkað talsvert að raungildi. Línuritíð sýnir þróun gjaldskráa miðað við vísitölu neysluverðs, sem sýnd er sem lárétt lína.

Fjárfest til framtíðar

Miklar fjárfestingar eru framundan hjá fyrirtækjunum innan samstæðu Orkuveitunnar. Samtals nema þær 245 milljörðum króna á tímabili þessarar fjárhagsspár. Orkuveitan vill efla samkeppnishæfni íslensks samfélags og verður aukinnar orku aflað fyrir atvinnulíf og heimili, fleiri heimili tengd veitukerfum og veitukerfin þróuð og uppfærð með nýrri tækni. Þá er hugað að þeirri aðlögun að loftslagsbreytingum sem nauðsynleg er. Loftslagsvánni verður einnig mætt með útbreiðslu Carbfix tækninnar og áframhaldandi þróun hennar við ýmsar jarðfræðilegar aðstæður.

Heildarstefna Orkuveitunnar birtist í fjárfestingum á spátímabilinu. Þar má nefna nýtingu nýrra orkukosta á borð við vind og birtu. Kostir þar eru ýmist á tilrauna- eða rannsóknastigi en fyrirsjáanlegri eru fjárfestingar í aukinni nýtingu jarðhitans. Við Hengilinn eru þrjú svæði, sem ekki eru nýtt nú, í orkunýtingarflokki Rammaáætlunar og kunna að bætast við nýtingarsvæði á næstu árum. Áhugi á nýtingu djúps jarðhita er þá aftur vaxandi og frekari tilraunir á því sviði framundan,

ekki síst fáist til þeirra rannsóknarstyrkir hér á landi eða frá útlöndum. Verði af slíkri nýtingu má segja að svæði jarðhitanytingar séu stækkuð niður á við fremur en á yfirborði.

Ýmsar umbætur á núverandi veitum og virkjunum og rekstri þeirra eru í fjárfestingaspá. Þeirra á meðal er bakþrýstivél, sem nýtir betur jarðhitavökvann sem tekinn er upp fyrir Hellisheiðarvirkjun, stækkun varmastöðvar þar í þágu hitaveitunnar á höfuðborgarsvæðinu en einnig ný orkuöflun Veitna á lág hitasvæðum. Borun til aukinnar orkuöflunar er umfangsmikil allt spátímabilið. Fjárfestingar Ljósleiðarans miðast einkum við umbætur á innri kerfum fyrirtækisins til eflingar skilvirkni í rekstri.

Átaki Veitna í uppsetningu snjallmæla hjá viðskiptavinum lýkur um mitt ár 2026. Fjárfestingin hefur verið fjárfrek en þessir sítar um orkunotkun nýtast nú þegar til að gera spágerð og þar með áætlanir um þróun raf- og hitaveitna gleggri auk þess sem þeir eru forsenda ýmissa nýjunga í markaðssetningu sölufyrirtækja á rafmagni.

Óviss tímasetning ýmissa fjárfestinga

Tímasetning talsverðs hluta fjárfestinga Orkuveitunnar ræðst af ákvörðunum annarra, til dæmis ríkis og sveitarfélaga. Hraði uppbyggingar íbúða- og atvinnusvæða er í höndum sveitarfélaga og byggingaraðila og leyfisveitingaferli hafa afgerandi áhrif á hvenær af einstökum fjárfestingum í orkuöflun og kolefnisbindingu getur orðið. Ef áform stjórnvalda um einföldun regluverks og fyrirheit um aukinn fyrirsjáanleika verða að veruleika mun draga úr þessari óvissu. Þó er réttara að líta á fjárfestingahluta fjárhagssparinnar sem áform um fjárfestingarstig samstæðu Orkuveitunnar fremur en tímasett áform um einstök fjárfestingaverkefni. Þetta á einkum við um síðari hluta spátímabilsins.

Fjármögnun

Fjármögnun fjárfestinga Orkuveitunnar síðustu ár hefur alfarið verið byggð á grænum fjármögnunarramma fyrirtækisins. Hann var uppfærður haustið 2024 m.a. með tilliti til nýlegra laga og reglna um græna fjármögnun og græna skýrslugjöf. Áratugalöng skipuleg vinna innan Orkuveitunnar að umhverfis- og loftslagsmálum auk vottaðrar starfsemi samkvæmt fjölda alþjóðlegra staðla kemur

sér vel við innleiðingu nýrra reglna. Það skapar fyrirtækinu tiltekið forskot á fjármagnsmarkaði og skilar því hagstæðari fjármögnun en ella. Þá mun Orkuveitan leitast við að jafna sjóðflæði í erlendum myntum yfir spátímabilið og gerir því ráð fyrir erlendri lántöku samhliða innlendri fjármögnun. Vert er að nefna að Orka náttúrunnar gerði á árinu nýjan stóriðjusamning sem mun færa fyrirtækinu auknar tekjur í erlendri mynt.

Á útgáfudegi þessarar spár er óljóst hvenær fyrirheit stjórnvalda um breytingu á fjármálareglum sveitarfélaga gangi eftir. Samkvæmt gildandi reglum reiknast allar skuldir samstæðu Orkuveitunnar inn í skuldaviðmið Reykjavíkurborgar þótt innan við fimmtungur lánanna sé á ábyrgð sveitarfélagsins. Núgildandi reglugerð um skuldaviðmið nær til allra ára þessarar spár nema þess síðasta.

Aukið samstarf

Stefna Orkuveitunnar er að auka samstarf við fjárfesta að stærri verkefnum með gagnkvæman ávinning að leiðarljósi. Þetta á t.d. við um Coda, áformaða kolefnisbindingarstöð Carbflix. Gert er ráð fyrir aðkomu fjárfesta þegar leyfi liggja fyrir. Jafnframt er hafið samstarf við iðnfyrirtæki innanlands um bindingu kolefnis frá starfsemi þeirra. Er það í samræmi við nýjar áherslur stjórnvalda um hvernig þau munu stuðla að því að markmiðum Íslands í loftslagsmálum verði náð. Eftir langt og samfellt fjárfestingaskeið Ljósleiðarans stendur nú yfir innri styrking fjarskiptakerfa hans. Markmiðið er þroski fyrirtækisins úr vaxtarfélagi í arðgreiðslufélag.

Forsendur og framvinda

Helstu utanaðkomandi tölulegar forsendur fjárhagssparinnar eru raktar að neðan. Þar er gert ráð fyrir hjaðnandi verðbólgu og að álverð hækki, en hluti raforkusölu er tengdur álverði. Ekki er spáð fyrir um gengisþróun og grunngengi bandaríkjadals í spánni er lágt. Áfram verða gerðir áhættuvarnarsamningar vegna álverðs. Gert er ráð fyrir að arðgreiðslur 2026 nemi 6,5 ma.kr. og fylgi verðlagsþróun síðari ár sparinnar.

Fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur 2026 og fjögurra ára spá 2027–2030 fer til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg sem hluti af fjárhagsáætlun samstæðu Reykjavíkurborgar.

Áherslur 2026-2030



LJÓSLEIDARINN



Hlutverk

Veitur eru framsækið þjónustufyrirtæki sem tryggir aðgengi að rafmagni, hita, hreinu vatni og fráveitu. Með nýsköpun og samstarfi veitum við lífsgæði til framtíðar

Orka náttúrunnar á og rekur virkjanir sem framleiða rafmagn fyrir fyrirtæki, heimili og farartæki um landið allt og heitt vatn fyrir veitusvæði Veitna.

Ljósleidarinn byggir upp og rekur ljósleidarannet fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir. Með þéttni neti ljósleidaraþráða tryggjum við öruggan og hagkvæman aðgang að tækifærum framtíðarinnar.

Carbfix spornar gegn loftslagsvánni með frekari þróun og uppbyggingu á tækni til kolefnisbindingar í bergi. Markmið Carbfix er að stuðla að loftlagsbata með því að þróa og auka enn frekar streinrenningu CO₂ neðanjarðar um allan heim.

Megináherslur 2026-2030

Áhersla verður lögð á aukna forðaöflun í heitu vatni og endurnýjun á mikilvægum stofnlögnum. Uppbygging húsnæðis, Borgarlína og orkuskipti eru allt samfélagsleg verkefni sem Veitur munu eiga mikla aðkomu að á næstu árum. Til þess að styðja við þau vaxandi samfélög sem Veitur þjóna er nauðsynlegt að byggja upp og viðhalda líkönum sem kerfisáætlanir til lengri og skemmri tíma byggja á. Áhersla verður á aukið samtal við almenning og nýsköpun til að mæta nýjum tímum, leiða þróun og hafa áhrif á sjálfbæra framtíð.

Ábyrg nýting jarðhitans og fjölbreyttari not af honum, m.a. til orkuskipta, eru megináherslur ON á spátímabilinu. Stöðugur rekstur Orku náttúrunnar og vaxandi tekjur vegna nýrra samninga einkenna tímabilið. Nýsköpun verður meðal áherslna og ON mun byggja á hugviti og umhverfisáherslum fyrirtækisins til að halda forystu í sjálfbærri starfsemi.

Lögð áhersla á að ná fram aukinni skilvirkni í rekstri á spátíma og að gera sjóðstreymi félagsins sjálfbærara með meira aðhaldi í rekstri og fjárfestingum. Áhersla á að hámarka nýtingu þeirra fjárfestinga sem félagið hefur farið í á undanförunum árum með fókusi á eigin ljósleidarannet á starfssvæði Ljósleidarans á suðvesturhorni landsins.

Áfram verður unnið að uppskölun á nýtingu Carbfix tækninnar í gegnum ný verkefni sem fela í sér bæði staðbundna föngun og bindingu CO₂ sem og flutning frá upprunastað til fýsilegra niðurdælingarsvæða. Innanlands er áhersla á samdrátt í losun með áframhaldandi tækniþróun í föngun lágstyrksstrauma til samræmis við áherslur loftlagsáætlunar stjórnvalda. Samhliða auknu umfangi föngunar og niðurdælingar er starfsemi styrkt með skilvirkum gæða, eftirlits- og vöktunar ferlum. Unnið er að langtímafjármögnun félagsins.

Helstu fjárfestingar

Á tímabilinu mun átaksverkefni innleiðingar snjallmæla ljúka. Gögnin sem frá nýjum snjallmælum koma munu veita nýja innsýn í starfsemina með auknum tækifærum til úrbóta í áætlanagerð, auknu rekstraröryggi og enn ábyrgari auðlindanýtingu. Mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis kallar á stækkun veitukerfa og verkefni tengd Samgöngusáttmála Höfuðborgarsvæðisins kalla á miklar fjárfestingar vegna aðlögunar veitukerfanna. Jafnframt verður unnið að hefðbundnu viðhaldi vaxandi kerfa, m.a. endurnýjun stofnæða. Til að tryggja nægt heitt vatn á veitusvæðum Veitna til langrar framtíðar er fjárfesting í forðaöflun aukin á spátímabilinu.

Aukin dvínun á gufuforða og óstöðugar holur í rekstri hafa áhrif á spána. Um helmingur af fjárfestingum ON á tímabilinu er tengdur gufuöflun fyrir báðar virkjanir. Nýir kostir í orkuöflun með betri nýtingu á núverandi orku á Hellisheiði verða kannaðir áfram sem og stækkun varmastöðvar sem eykur framleiðslu á heitu vatni. Á Nesjavöllum er unnið að endurnýjun stjórnkerfis. Í Jarðhitagarði ON er hringrásarhagkerfið áfram efti með byggingu Nýsköpunarkjarna. ON heldur forystu í orkuskiptum í samgöngum, með fjárfestingum í hleðslubúnaði og frekari nýtingu stafrænna lausna í þróun þjónustu.

Á fyrri hluta spátímabils er mikil áhersla á uppbyggingu XGS-PON kerfis til að hægt sé að bæta skilvirkni ljósleidarakerfis, minnka orkunotkun og gera Ljósleidarann undirbúinn fyrir bjóða öllum viðskiptavinum upp á hagkvæmar ljósleidaratengingar samfara tækniþróun. Einnig er aukinn fjárfesting í hugbúnaðarþróun til að ná fram aukinni skilvirkni í rekstri. Áfram fjárfest í uppbyggingu á nýjum hverfum á núverandi starfssvæði en ekki áform um að stækka starfssvæði Ljósleidarans að öðru leiti. Á seinni hluta spátímabils er meiri áhersla lögð á að minnka fjárfestingarþörf félagsins.

Á spátímabilinu er uppbygging á Coda Terminal, miðstöð fyrir móttöku og bindingu CO₂, stærsta verkefnið. Áfram verður unnið með prófanir á nýtingu sjávar til kolefnisbindingar í bergi. Fjárfest verður í virðisaukandi verkefnum sem falla að markmiðum og stefnu félagsins.

Forsendur fjárhagsspár 2026-2030

Forsendur útkomuspár 2025 og fjárhagsspár 2026-2030 byggja á þjóðhagsspa Hagstofu Íslands sem gefin var út í júlí 2025 sem og spám frá Seðlabanka Íslands og Orkuveitunni. Forsendur um þróun álverðs byggja á upplýsingum frá London Metal Exchange. Við vaxtaspár er miðað við fölgna framvirka vexti (e. Implied forward rates) eftir myntum og vaxtakjörum einstakra samninga.

Forsendur

Lýsing	2025	2026	2027	2028	2029	2030
Vísitala neysluverðs, breyting (%)	3,8%	3,2%	2,6%	2,5%	2,5%	2,5%
Byggingavísitala (%)	4,7%	4,0%	3,3%	3,0%	3,0%	3,0%
Gengisvísitala, breyting (%)	-2,8%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Launavísitala, breyting (%)	6,6%	4,2%	4,0%	4,1%	4,1%	4,1%
Álverð, meðalverð ársins (\$)	2.586,5	2.617,9	2.658,0	2.685,0	2.709,3	2.733,2

Forgangsöröðun og mat á fjárfestingum


Í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur er hlutverk og kjarnastarfsemi fyrirtækisins skilgreind og liggur hún til grundvallar forgangsöröðunar fjárfestinga. Þau verkefni sem tilgreind eru í fjárfestingarspá hafa hlotið ítarlega umfjöllun innan fyrirtækisins. Fjárfestingarákvarðanir hvers félags fara í gegnum nokkur stig í undirbúningi með reglulegri viðkomu í ákvörðunarhlíðum (e. Stage-Gate) þar sem hvert og eitt fjárfestingarverkefni þarf í senn að standast samræmdar kröfur til slíkra verkefna og samanburð við önnur verkefni, meðal annars hvað varðar hagkvæmni og ávinning.

Þegar verkefni hefur staðist slíkt mat fer það í samþykktarferli hvers fyrirtækis innan samstæðunnar og jafnvel til móðurfyrirtækis eða eigenda, sé umfang þess slíkt.

Stærri fjárfestingarákvarðanir eru í höndum stjórnar hvers dótturfélags nema þær fari yfir 5% eigin fjár félagsins samkvæmt nýjasta árshlutauppgjöri. Í því tilviki skal ákvörðunin hljóta staðfestingu hlutahafafundar. Fari fjárfestingarákvörðun yfir 5% af eigin fé samstæðunnar skal hún hljóta staðfestingu sveitarstjórna eigenda.

Fjárhagsspá 2026-2030

Rekstur




Mynd 1 – Milljarðar króna

Tekjur vaxa á spátímabilinu 2026-2030 um 25,1 ma.kr. eða 35%. Helsta skýringin er áframhaldandi uppbygging á stærstu tekjustofnum innan samstæðu Orkuveitunnar. Tekjur rafmagns og af heitu vatni hækka um 19 ma.kr. á tímabilinu. Tekjur af rafmagni hækka m.a. vegna hagstæðari samninga og gert er ráð fyrir gjaldskrárhækkunum og magnaukningu í heitu vatni. Gert er ráð fyrir að gjaldskrárhækkunar fylgi að mestu vísitölu neysliverðs eða byggingarvísitölu eftir því sem við á.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður samstæðunnar án afskrifta aukist á tímabilinu um 4,7 ma.kr. eða 15%. Aukningin er í takti við þær markaðsforsendur sem eru áætlaðar yfir spátímabilið.

EBITDA framlegð




Mynd 2 – EBITDA / Rekstrartekjur

EBITDA stendur fyrir framlegð reksturs án fjármagnsliða, afskrifta og skatta. Framlegð reksturs Orkuveitunnar hefur verið stöðug og góð síðustu ár. Framlegðin þarf meðal annars að standa undir fjárfestingum fyrirtækjanna í Orkuveitunni. Reksturinn krefst verulegra fjárfestinga til að halda við veitukerfum og virkjunum, sinna nýjum viðskiptavinum og mæta auknum kröfum sem til rekstursins eru gerðar.

Samkvæmt spá eykst EBITDA á spátímabilinu um 20,4 ma.kr. eða 51%.


Vaxtagjöld



Mynd 3 – Milljarðar króna

Verðbólga og gengisáhrif skýra að mestu breytingar á vaxtagjöldum milli ára. Sveiflur í markaðsvöxtum hafa einnig áhrif á vaxtagreiðslur þó ekki veruleg vegna samsetningar fjármögnunar Orkuveitunnar.

Afkoma / Hagnaður eftir skatta




Mynd 4 – Milljarðar króna

Eins og sjá má á Mynd 4 er gert ráð fyrir að afkoma samstæðunnar batni á tímabilinu og er gert ráð fyrir að hún verði jákvæð um 16,2 ma.kr. árið 2030.

Hafa ber í huga að óreglulegir fjármagnsliðir eins og breytingar á virði framvirkra raforkusölusamninga geta haft veruleg áhrif á afkomu félagsins. Árið 2025 er gert ráð fyrir 411 m.kr. áhrifum til hækkunar á afkomu.


Eignir og eiginfjárlutfall



Mynd 5 – Eignir í milljörðum króna

Áætlað er að eignir hækki á næstu árum vegna aukinna fjárfestinga þvert á Orkuveituna. Eiginfjárlutfall helst stöðugt á tímabilinu, þ.e. frá því að vera 50,0% í 51,0% í lok tímabilsins, en jafnframt er gert ráð fyrir jöfnum arðgreiðslum á spátímabilinu í takti við verðlag eftir 2026.

Handbært fé 2025-2029 með bundnum innstæðum og markaðsverðbréfum




Mynd 6 – Milljarðar króna

Handbært fé frá rekstri er einkum nýtt til fjárfestinga og afborgana af lánum. Hluti skulda verður endurfjármagnaður á tímabilinu með nýrri lántöku. Þrátt fyrir áætlun um 244,5 ma.kr. fjárfestingu á tímabilinu er einungis gert ráð fyrir 52,3 ma.kr. lántöku umfram afborganir lána.

Að teknu tilliti til tekjuskattgreiðslna og arðgreiðslna er gert ráð fyrir að handbært fé og bundnar innstæður í árslok 2030 verði 26,6 milljarðar kr.

Heildar arðgreiðslur á tímabilinu eru áætlaðar 34,2 milljarðar kr.

Heildar fjárfestingar




Mynd 7 – Milljarðar króna

Fjárfestingar á tímabilinu 2026-2030 eru í samræmi við fyrri fjárhagspá og gerir fjárhagsspáin ráð fyrir 244,5 ma.kr. fjárfestingu á tímabilinu. Miklar fjárfestingar eru framundan hjá Orkuveitunni til að mæta aukinni orkuþörf, nýsköpun, baráttu við loftslagsvá og viðhaldi veitukerfa.

Fjallað er um helstu fjárfestingar hvers félags hér að framan og sýnir mynd hér að ofan hvernig áætlaðar fjárfestingar Orkuveitunnar eru innan spátímabilsins. Hlutdeild Carbfix af fjárfestingaáætlun er tæplega 21%.


Lántökur



Mynd 8 – Milljarðar króna

Á tímabilinu 2026-2030 er gert ráð fyrir að ný lántaka nemi um 163,0 ma.kr. Á sama tíma er gert ráð fyrir að greiða niður lán um 110,7 ma.kr.

Afborganir langtímaskulda og handbært fé frá rekstri




Mynd 9 – Milljarðar króna

Árlegar afborganir skulda eru áætlaðar á bilinu 19–25 ma.kr. á árunum 2026–2030, samtals 110,7 ma.kr.

Handbært fé frá rekstri stendur vel undir þeim afborgunum en á móti eru fjárfestingar á tímabilinu miklar sem kallar á viðbótarlántöku og sölu hlutafjár á tímabilinu.


Nettó vaxtaberandi skuldir og fjármögnunargreyfingar



Mynd 10 – Milljarðar króna

Nettó vaxtaberandi skuldir endurspegla stöðu vaxtaberandi skulda á móti handbæru fé, markaðsverðbréfum og bundnum innlánnum.

Nettó vaxtaberandi skuldir hækka um 10,7 ma.kr. á árinu 2025, þar af eru verðbætur áætlaðar 3,9 ma.kr. Gert er ráð fyrir hækkun nettó vaxtaberandi skulda á tímabilinu um 75,2 ma.kr., þar af 21,3 ma.kr. vísitöluhækkun verðtryggðra lána á sama tímabili.



Mynd 11 – Milljarðar króna

Eigið fé Orkuveitunnar eykst um 40,5 ma.kr. á tímabilinu 2026-2030. Til viðbótar hækkuninni myndast hlutdeild minnihluta í eiginfé Orkuveitunnar að fjárhæð 38,4 ma.kr. árið 2030.

Lykiltölur


Markvisst er unnið að því að styrkja fjárhag fyrirtækisins. Það felur í sér að ná og viðhalda settum markmiðum um stöðu lykiltalna í rekstri svo sem veltufjárlutfalls, eiginfjárlutfalls, vaxtaþekju o.fl.

Spáin byggir á ákveðnum lykilmælikvörðum til samræmis við áherslur í eigendastefnu Orkuveitunnar.

Í samræmi við eigendastefnu Orkuveitunnar eru í gildi arðgreiðsluskilyrði fyrir fyrirtækið. Þau fela í sér að fjárhagsleg markmið arðgreiðsluskilyrða, sem sjá má hér til hliðar, skulu uppfyllt áður en ákveðið er að greiða arð til eigenda og eftir að arður hefur verið greiddur.


Arðgreiðslur eru áætlaðar 34,2 milljarðar kr. á tímabilinu og gera spár samstæðunnar ráð fyrir því að öll arðgreiðsluskilyrði séu uppfyllt á sama tíma.

Eiginfjárlutfall




Markmið > 40%

(Handbært fé frá rekstri - arðgreiðslur)
/ Nettó skuldir




Markmið > 13%

Veltufjárlutfall




Markmið > 1,0

Vaxtaþekja




Markmið > 3,5

ROCE



Nettó skuldir / handbært fé frá rekstri



Horfur og spá 2025-2030 – Rekstrarreikningur

	Raun	Horfur	Spá	Spá	Spá	Spá	Spá
	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030
	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)
Rekstrartekjur	66.782	70.925	77.086	82.122	87.413	90.837	96.047
Rekstrargjöld	27.720	30.852	32.555	32.425	32.905	33.546	35.565
EBITDA	39.062	40.073	44.530	49.697	54.508	57.292	60.482
Afskriftir	16.830	17.139	18.028	19.363	20.877	21.967	23.185
EBIT	22.232	22.935	26.503	30.334	33.630	35.324	37.297
Fjármagnsliðir	-12.234	-12.120	-12.329	-13.281	-13.618	-14.266	-16.237
Vaxtatekjur	1.056	1.122	1.009	875	1.111	910	-118
Vaxtagjöld	-13.816	-13.973	-13.538	-14.347	-15.150	-15.652	-16.566
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	527	731	200	191	421	476	447
Hagnaður fyrir tekjuskatt	9.999	10.815	14.174	17.053	20.013	21.058	21.060
Tekjuskattur	-689	-315	-978	-1.037	-1.550	-1.696	-1.573
Hagnaður (tap) ársins	9.309	10.499	13.196	15.290	15.317	16.194	16.165
Hlutdeild minnihluta	-1	0	0	-233	-524	-842	-897

Horfur og spá 2025-2030 – Efnahagsreikningur

	Raun	Horfur	Spá	Spá	Spá	Spá	Spá
	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030
	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)
Eignir	509.953	513.257	537.598	574.160	602.122	638.687	667.848
Fastafjármunir	470.877	477.613	505.060	535.696	566.618	603.224	630.715
Veltufjármunir	39.075	35.643	32.537	38.464	35.505	35.462	37.133
Eigið fé og skuldir	509.953	513.257	537.598	574.160	602.122	638.687	667.848
Eigið fé	265.732	261.964	268.660	287.170	304.946	331.864	340.854
Skuldir	244.221	251.293	268.938	286.990	297.176	306.823	326.995
Langtímaskuldir	212.683	218.279	237.672	249.728	263.703	272.127	290.456
Skammtímaskuldir	31.537	33.013	31.266	37.262	33.474	34.695	36.538

Horfur og spá 2025-2030 – Sjóðstreymi

	Raun 2024 (mkr)	Horfur 2025 (mkr)	Spá 2026 (mkr)	Spá 2027 (mkr)	Spá 2028 (mkr)	Spá 2029 (mkr)	Spá 2030 (mkr)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	38.318	41.383	44.384	49.272	54.378	57.241	60.223
Innborgaðar vaxtatekjur	1.066	1.086	1.009	875	1.111	910	809
Greidd vaxtagjöld	-8.037	-8.203	-9.017	-9.841	-10.514	-10.945	-11.374
Greiddur tekjuskattur	-1.744	-2.706	-2.960	-3.566	-4.038	-4.371	-4.614
Greiddslur annarra fjármagnsliða	0	394	385	389	503	442	410
Handbært fé frá rekstri	29.725	32.208	33.800	36.402	38.294	40.108	42.133
Fjárfesting rekstrarfjármuna	-32.902	-34.830	-43.817	-47.579	-49.249	-55.977	-47.922
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	-1.881	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar alls	-34.783	-34.830	-43.817	-47.579	-49.249	-55.977	-47.922
Fjármögnunarhreyfingar							
Ný langtímalán	34.509	27.997	35.930	33.730	30.730	26.000	36.583
Afborganir langtímaskulda	-17.324	-20.875	-23.096	-19.773	-25.445	-21.005	-21.367
Greiddur arður	-6.000	-6.500	-6.500	-6.663	-6.829	-7.000	-7.175
Innborgað hlutafé	0	0	0	10.010	9.295	17.589	0
Fjármögnunarhreyfingar alls	11.033	535	6.244	17.201	7.645	15.474	7.931
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	5.975	-2.087	-3.772	6.024	-3.311	-395	2.142
Handbært fé í ársbyrjun	10.342	16.438	14.346	10.574	16.598	13.287	12.892
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	121	-5	0	0	0	0	0
Handbært fé í lok tímabils	16.438	14.346	10.574	16.598	13.287	12.892	15.033



Reykjavík, 5. 11. 2025
/ES/

Til eigenda Orkuveitunnar

Efni: Fundarboð á reglubundinn eigendafund Orkuveitunnar 14. nóvember 2025 kl. 9:30-11:00.

Boðað er til reglulegs eigendafundar, sbr. ákvæði 5.5. í sameignarsamningi. Samkvæmt grein 5.4. í sameignarsamningi hafa handhafar eigendavalds Orkuveitu Reykjavíkur tillögu- og atkvæðisrétt á eigendafundum.

Að höfðu samráði við eigendur er hér með boðað til fundarins föstudaginn 14. nóvember 2025 næstkomandi kl. 9:30. Fundurinn verður haldinn að Bæjarhálsi 1 með möguleika á þátttöku um fjarfundabúnað.

1. Fjárhagsspá 2026 og langtímaspá 2026 - 2030. Til kynningar.
2. Arðsemisstefna. Til samþykktar.
3. Arðgreiðslustefna. Til samþykktar
4. Áhættustefna. Til samþykktar (m br).
5. Skýrsla um framfylgd eigendastefnu. Til upplýsingar.
6. Umræður um:
 - Grundartanga.
 - Ljósleiðarann.
 - Endurskoðun eigendastefnu.
7. Önnur mál.

Virðingarfyllst,


Sævar Freyr Þráinsson
forstjóri

[Stefna lögð fram á stjórnarfund 28. október 2023]



Arðsemisstefna Orkuveitunnar felur í sér að starfspættir dótturfélaga skili viðunandi arðsemi. Þetta felur í sér að skilgreind eru arðsemismarkmið og vikmörk á ásættanlegri arðsemi starfspátta að teknu tilliti til undirliggjandi áhættu, sjálfbærniþiðmiða og viðráðanlegs verðs. Arðsemismarkmiðin og vikmörk tilgreindra starfspátta gefa þannig til kynna hvort arðsemi sé of lág, viðunandi eða í tilfelli sérleyfisstarfsemi of há. Sé arðsemi utan viðmiðunarmarka skal grípa til mótverkandi aðgerða sbr. að neðan:

- **Óviðundandi arðsemi:** ef arðsemi er undir neðri mörkum þarf mögulega að hækka gjaldskrá og hagræða í rekstri. Ekki er heimilt að greiða út arð við þessar aðstæður.
- **Viðunandi arðsemi:** ef arðsemi er innan skilgreindra marka skal rekstri hagað þannig, m.t.t. rekstrarútgjalda og gjaldskrá, að arðsemi fari ekki út fyrir viðmiðunarmörk. Mögulegt rými er til staðar fyrir arðgreiðslur til eigenda að uppfylltum arðgreiðsluskilyrðum, sjá nánar arðgreiðslustefnu.
- **Arðsemi umfram kröfu:** ef arðsemi er yfir efri mörk skal kanna hvort ástæður séu til gjaldskrárlækkana í sérleyfisstarfsemi og/eða arðgreiðslna að uppfylltum arðgreiðsluskilyrðum, sjá nánar arðgreiðslustefnu. Samkeppnisstarfsemi er undanskilin þessum mörkum.



Stjórn samþykkir nánari útfærslu arðsemismarkmiða og viðmiðunarmarka fyrir hvern miðil/fyrirtæki.

Arðsemisstefna Orkuveitunnar er ákvörðuð til samræmis við eigendastefnu Orkuveitunnar.

Tilvísanir

[SKI-100](#); Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.



Til stjórnar Orkuveitunnar

SF 370

SpH

Reykjavík 27. október 2025

TILLAGA

Stjórn samþykkir óbreytta arðgreiðslustefnu Orkuveitu Reykjavíkur.

GREINARGERÐ

Arðgreiðslustefna er ein af lykilstefnum Orkuveitunnar sem samþykktar eru af eigendum og ber að rýna árlega. Við árlega rýni nú er lagt til að arðgreiðslustefna verði samþykkt óbreytt svohljóðandi:

Arðgreiðslustefna Orkuveitunnar felur í sér að arðgreiðslur séu að jafnaði greiddar til eigenda að fjárhagslegum skilyrðum uppfylltum, m.a. að fjárhagslegur styrkleiki fyrirtækisins sé nægur og nægt laust fé sé til staðar til reksturs og fjárfestinga félagsins.

Jafnframt skal arðsemi af rekstri samstæðunnar vera innan lágmarksviðmiðs um arðsemi sem kveðið er á um í arðsemistefnu félagsins. Stefna skal að viðvarandi og stöðugum arðgreiðslum til eigenda að því marki að þær ógni ekki fjárhagsstöðu samstæðunnar til framtíðar litið.

Fjárhagsskilyrðin, sem ákvörðuð eru hér að neðan, snúa meðal annars að stöðu og horfum eftirfarandi þátta: eiginfjárlutfall, lausafjárstaða, skuldsetning, fjárfestingar og rekstur félagsins. Skilyrðin skulu uppfyllt áður en til arðgreiðslu kemur og að henni lokinni án þess að fjárhagslegum skilyrðum sé ógnað til framtíðar litið.

Skilyrðin eru þessi og gilda um árslokastöðu skv. reikningsskilum samstæðunnar og fjárhagsáætlun næstu ára að teknu tilliti til arðgreiðslu. Skilyrðin miðast við meðaltal þriggja ára, nánar tiltekið síðasta ársreikning, útkomuspá yfirstandandi árs og spá næsta árs á eftir

Frá og með 2019

1. Veltufjárlutfall (leiðrétt m.t.t. innb. afleiðna)	>1,0
2. Eiginfjárlutfall	>40%
3. FFO vaxtaþekja	>3,5
4. RCF / nettó skuldir	>13%



Skilgreiningar:

(Veltufjármunir – innbygg. afl. á meðal veltufjármuna)

Veltufjárhlutfall (leiðrétt m.t.t. innb. afleiðna) = (Skammtímaskuldir – innbygg. afl. á meðal skammtímaskulda)

FFO = Handbært fé frá rekstri (e. funds from operation)

Nettó skuldir = Vaxterandi skuldir að frádregnu handbæru fé og annarra vaxterandi fjáreigna

FFO Vaxtaþekja = mælir getu fyrirtækis til að standa við vaxtagreiðslur af skuldbindingum sínum

RCF = Handbært fé frá rekstri að frádregnum arðgreiðslum.

Stefnan byggir á gildum og heildarstefnu Orkuveitunnar og er sett fram til samræmis við eigendastefnu samstæðunnar.

Tilvísanir

[SKI-100](#); Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.

Rýni á áhættustefnu Orkuveitunnar

Núverandi

Meginmarkmið áhættustefnu Orkuveitunnar er að stuðla að því að félagið sinni hlutverki sínu á öruggan og hagkvæman máta innan marka ásættanlegrar áhættu, eðli viðkomandi starfsemi og í samræmi við samþykktar stefnur og markmið um öfluga áhættustjórnun.

Áherslur áhættustefnu eru að:

- Draga úr sveiflum í afkomu á hverjum tíma með því að greina, meta og stýra áhættum.
- Stuðla að fullnægjandi lausafjárstöðu og aðgengi að fjármagni til að standa undir uppbyggingu á þjónustu og reglulegri starfsemi.
- Greina áhættur og tækifæri til að stuðla að bættum rekstri og upplýstri ákvarðanatöku.
- Stuðla að áhættuvitund starfsfólks.

Áhættuhandbók Orkuveitunnar og tengd skjöl lýsa umgjörð áhættustýringar, heildarsýn og áhættuvilja stjórnar. Stjórn felur forstjóra að framfylgja áhættustefnunni og upplýsa með reglubundnum hætti um stöðu áhættuflokka og um áhættur utan skilgreindra viðmiða stjórnar. Breytingar á áhættumörkum og/eða áhættuvilja skulu samþykktar af stjórn.

Tillaga m. breytingu

Meginmarkmið áhættustefnu Orkuveitunnar er að stuðla að því að félagið sinni hlutverki sínu á öruggan og hagkvæman máta innan marka ásættanlegrar áhættu, eðli viðkomandi starfsemi og í samræmi við samþykktar stefnur og markmið um öfluga áhættustjórnun.

Áherslur áhættustefnu eru að:

- Draga úr sveiflum í afkomu á hverjum tíma með því að greina, meta og stýra áhættum.
- Stuðla að fullnægjandi **aðgengi að fjármagni** til að standa undir uppbyggingu á þjónustu og reglulegri starfsemi.
- **Stuðla að fullnægjandi aðgengi að auðlindum, sem felur í sér jafnvægi milli nýtingar og verndunar auðlinda**
- Greina áhættur og tækifæri til að stuðla að bættum rekstri og upplýstri ákvarðanatöku.
- Stuðla að áhættuvitund starfsfólks.

Áhættuhandbók Orkuveitunnar og tengd skjöl lýsa umgjörð áhættustýringar, heildarsýn og áhættuvilja stjórnar. Stjórn felur forstjóra að framfylgja áhættustefnunni og upplýsa með reglubundnum hætti um stöðu áhættuflokka og um áhættur utan skilgreindra viðmiða stjórnar. Breytingar á áhættumörkum og/eða áhættuvilja skulu samþykktar af stjórn.

Með breytingunni er lögð aukin áhersla á að tryggja viðunandi aðgengi að auðlindum, hvort sem um ræðir náttúruauðlindir í jörðu, mannauð eða aðrar mikilvægar auðlindir.

Jafnframt er öruggt aðgengi að auðlindum lykilforsenda fyrir uppbyggingu og viðhaldi innviða sem falla undir starfsemi Orkuveitunnar.



Framfylgd eigendastefnu 2025

Skýrsla til eigenda Orkuveitunnar

Sævar Freyr Práinsson, Elín Smáradóttir, Elín Björk Böðvarsdóttir

Útgefandi: Orkuveitan

Umsjón og ábyrgð: Sævar Freyr Þráinsson, Elín Smáradóttir, Elín Björk Böðvarsdóttir

Skráningarblað skýrslna

Skýrsla nr. 2025 - 019	Útgáfudagur 5. nóvember 2025	Útgáfustaður Reykjavík
Heiti skýrslu Framfylgd eigendastefnu 2025: Skýrsla til eigenda Orkuveitunnar		
Upplag pdf	Fjöldi síðna 12	Dreifing Opinber
Höfundur/ar Sævar Freyr Þráinsson, Elín Smáradóttir, Elín Björk Böðvarsdóttir		Verknúmer
Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur		Samvinnuaðilar
Útdráttur Eigendastefna Orkuveitunnar er mikilvægt leiðarljós fyrir störf stjórnar og því er mikilvægt að eigendur forgangsraði endurskoðun hennar líkt og samþykkt var á eigendafundi 2024. Orkuveitan gegnir veigamiklu hlutverki fyrir samfélagið allt og á árinu 2025 voru stigin mikilvæg skref í orku-, veitu- og loftslagsmálum fyrir framtíðina, ásamt því að breyta innri ferlum til þess að halda áfram að taka markviss skref í átt að langtímasýninni <i>Við erum aflvaki sjálfbærrar framtíðar.</i>		
Efnisorð Eigendastefna, sameignarsamningur, stjórnarhættir		Yfirlit

Innihald

1	Upphafsorð.....	1
2	Mikilvæg skref fyrir framtíðina	1
3	Stjórnhættir og eigendastefna	2
4	Framkvæmd heildarstefnu	4
5	Rýni stuðningsstefna	7
6	Ákvarðanir sem hljóta skulu samþykki eigenda	8
7	Lokaorð.....	8

1 Upphafsorð

Skýrsla um framfylgd eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (Orkuveitan) var í fyrsta skipti gefin út vegna starfsemi ársins 2015. Síðan þá hefur hún verið gefin út árlega og skilað til eigenda á eigendafundi félagsins í nóvember ár hvert. Til samræmis við eigendastefnuna er skýrslan aðgengileg almenningi og fjölmiðlum, meðal annars á heimasíðu Orkuveitunnar ásamt eldri skýrslum um framfylgd hennar.

Í ár verður skýrslan sett fram með breyttum hætti þar sem áherslan verður fyrst og fremst á umfjöllun um breytingar og aðgerðir. Það sem er óbreytt frá fyrri árum verður ekki endurtekið, heldur vísað í eldri skýrslur þar sem við á. Með þessu drögum við skýrar fram þau skref sem eru tekin hverju sinni í framþróun Orkuveitunnar í takt við eigendastefnu.

Eigendastefna Orkuveitunnar hefur sannað gildi sitt á undanförunum árum og verið mikilvæg stoð í ákvarðanatöku stjórnar. Skýr eigendastefna tryggir að vilji eigenda sé skýr, veitir stjórn leiðarljós í sínum störfum og styður þannig við árangur og framþróun fyrirtækisins.

Eigendastefnan er nú orðin meira en áratugargömul og hefur stjórn hvatt eigendur undanfarin ár til þess að rýna hana. Til að stuðla að slíkri endurskoðun samþykktu eigendur á eigendafundi 14. júní 2024 að skipa starfshóp til að fara yfir eigendastefnuna ásamt sameignarsamning og eftir atvikum lög um Orkuveitu Reykjavíkur. Tveir eigenda, Borgarbyggð og Akraneskaupstaður, hafa þegar tilnefnt sína fulltrúa í hópinn, en Reykjavíkurborg hefur ekki enn tilnefnt sinn fulltrúa í hópinn. Af þeirri ástæðu hefur vinna við endurskoðun eigendastefnunnar ekki hafist á árinu 2025, eins og áður var áætlað.

Stjórn Orkuveitunnar hvetur eigendur eindregið til að ljúka við skipun hópsins og setja endurskoðun eigendastefnunnar í forgang, þannig að hún geti áfram stutt við framþróun Orkuveitunnar.

2 Mikilvæg skref fyrir framtíðina

Orkuveitan starfar út frá framtíðarsýninni *Við erum aflvaki sjálfbærrar framtíðar* sem er jafnframt yfirskrift heildarstefnu sem samþykkt var af eigendum árið 2024. Í eigendastefnu segir m.a. um hlutverk Orkuveitunnar að “Hún nýtir auðlindir á ábyrgan, sjálfbæran og hagkvæman hátt og af virðingu fyrir náttúrunni án þess að ganga á rétt komandi kynslóða.” Á árinu voru stigin mikilvæg skref í þá átt að tryggja aðgengi að auðlindum fyrir komandi kynslóðir og að draga úr áhrifum starfseminnar á loftslag.

Undir lok árs 2024 fundu Orkuveitan og Veitur tvö ný lághitasvæði innan höfuðborgarsvæðisins, á Brimnesi á Kjalarnesi og á Geldinganesi. Í ár hafa átt sér stað áframhaldandi rannsóknir á þessum svæðum, ásamt undirbúningi við rannsóknir á fleiri svæðum. Með þessum rannsóknum, og staðfestingu á nýjum lághitasvæðum, stuðlum við að bættu orkuöryggi fyrir framtíðina og tryggjum lífsgæði komandi kynslóða þegar kemur að heitu vatni. Enn fremur hafa Orkuveitan, Veitur og Orka náttúrunnar undanfarin ár unnið að rannsóknarverkefni um eina, sameiginlega hitaveitu, þ.e. með blöndun á heitu vatni frá lághitasvæðum og háhitasvæðum, en áætlað er að rannsóknarfasa ljúki á næsta ári. Verði þetta ferli að veruleika myndi það einnig stuðla að bættu orkuöryggi fyrir almenning, auk þess að draga úr umhverfisáhrifum með bættri nýtingu. Verkefnið er einnig afar hagkvæmt, en með bættum sveigjanleika með sameiginlegum rekstri einnar hitaveitu er hægt að draga mikið úr kostnaði við orkuöflun. Áfram er unnið að því að tryggja gufuöflun til núverandi jarðgufuvirkjana og þá hefur nýju lífi verið blásið í þróun nýtingar djúps háhita.

Í ár hefur einnig verið lögð mikil áhersla á rétt komandi kynslóða er kemur að hreinu vatni, og hefur Orkuveitan, með Veitur í fararbroddi, talað fyrir auknum aðgerðum sem snúa að vatnsvernd. Aðgerðirnar snúa meðal annars að forvörnum, s.s. takmörkun aðgengis að viðkvæmum vatnsverndarsvæðum, bættum merkingum og eftirliti, ásamt fræðslu fyrir almenning og samstarfsaðila. Hreint vatn skiptir grundvallarmáli þegar kemur lífsgæðum komandi kynslóða, og mikilvægt er að samfélagið allt taki þátt í að tryggja aðgengi að því til framtíðar. Þessi vinna hefur meðal annars verið unnin í samstarfi við Reykjavíkurborg sem fer með skipulagsvald yfir vatnsbólum Veitna fyrir höfuðborgarsvæðið.

Aðgerðir í loftslagsmálum skipta miklu máli fyrir lífsgæði komandi kynslóða. Í apríl birti Orkuveitan Loftslagsvegvisi sem kortleggur til hvaða aðgerða þarf að grípa til að Orkuveitan nái sínum nettó-núll loftslagsmarkmiðum fyrir 2040. Auk þess styðja aðgerðir Orkuveitunnar við íslenskt samfélag og stjórnvöld að ná sínum loftslagsmarkmiðum. Í júní náðist mikilvægur áfangi þegar Orka náttúrunnar og Carbfix opnuðu lofthreinsistöðina Steingerði, en með opnun hennar varð Hellisheiðarvirkjun ein af fyrstu jarðvarmavirkjunum heims til að verða nær kolefnishlutlaus. Áframhaldandi uppbygging hleðslukerfis ON fyrir rafbíla miðar einnig að sama marki, að gera íslensku samfélagi auðveldara að draga úr sínu kolefnisspori.

Leiðarljós í eigendastefnu er að „Eigendur vilja að litið verði til fyrirtækisins sem trausts samstarfsaðila, sem eftirsóknarvert sé að starfa fyrir og með og að það gegni veigamiklu hlutverki í samfélaginu.“ Með nýrri heildarstefnu er lögð áhersla á *Árangursríkt samstarf* og í júní héldu Veitur sitt fyrsta Nýsköpunarfestival þar sem þátttakendur frá Orkuveitunni og úr samfélaginu unnu að því að leysa raunverulegar áskoranir í orku- og veitumálum. Notast var við aðferð hönnunarspretta til að ná miklum afköstum á fáum dögum og hafa Veitur í kjölfarið unnið með þær hugmyndir sem talið er líklegt að geti skilað virði fyrir samfélagið.

Að lokum skiptir starfaðstaða miklu máli fyrir eftirsóknarverðan vinnustað og nú stýttist í að nýtt og uppfært Vesturhús og hvolfrymi á Bæjarhálsi verði tekið í notkun. Rýma þurfti Vesturhús 2017 og hafa framkvæmdir við endurbætur hafa spannað mörg ár sem gerir þennan áfanga einstaklega gleðilegan. Með nýju húsnæði eru ótal tækifæri fyrir Orkuveituna, m.a. í að styrkja liðsheildina og efla samstarf, bæði innanhúss og með ytri aðilum, við að leysa þau krefjandi verkefni sem við stöndum frammi fyrir á næstu árum.

3 Stjórnhættir og eigendastefna

Stjórn Orkuveitunnar starfar í samræmi við lög nr. 136/2013, sameignarsamning eigenda, eigendastefnu og leiðbeiningar um góða stjórnarhætti, líkt og fjallað hefur verið um í fyrri skýrslum um framfylgd eigendastefnu. Vísað er til þeirra skýrslna varðandi stjórnhætti almennt, m.a. þá ferla sem tryggja framfylgd eigendastefnu.

Á síðasta ári ákvað stjórn Orkuveitunnar að taka núverandi starfsreglur til rýni og hugsanlegrar endurskoðunar og var starfsdagur þess efnis haldinn í janúar 2025. Í kjölfar starfsdagsins var forstjóra og ritara stjórnar falið að útfæra þær hugmyndir sem fram komu og er sú vinna enn í gangi. Uppfærðar starfsreglur skulu svo staðfestar á eigendafundi til samræmis við ákvæði sameignarsamnings Orkuveitu Reykjavíkur og munu verða lagðar fyrir eigendur á eigendafundi þegar að því kemur.

Stjórn er með reglulega eftirfylgni tengt stefnumótun félagsins og hvernig stefna er framkvæmd, og hefur m.a. árlega samþykkt þær stuðningsstefnur sem tilgreindar eru í eigendastefnu í kjölfar rýni ábyrgðaraðila innan Orkuveitunnar (sjá nánar um rýni stuðningsstefna árið 2025 í 5. kafla þessarar skýrslu). Um mitt ár

fékk fagráð stefnu ábendingar frá riturum stjórnna um þætti sem mættu betur fara í ferlinu við rýni stuðningsstefna. Í kjölfar rýnis á ferlinu og samtala við forstjóra, framkvæmdastjóra og aðra hagsmunaaðila ákvað fagráð stefnu að leggja til breytingar á því hvernig stuðningsstefnur Orkuveitunnar eru rýndar. Við tillögu að uppfærðu ferli var horft til stefnumarkmiðsins *Skilvirk og snjöll* og eigendastefnu er segir „Stjórnarhættir Orkuveitu Reykjavíkur eiga að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstrinum.“ Lögð var áhersla á að nýta tíma stjórnna betur og draga úr óþarfa skrifinsku, ásamt því að samhliða styrkja rýniferli stuðningsstefna meðal starfsfólks og styðja það betur við að unnið sé eftir gildandi stefnum.

Tillaga að uppfærðu ferli var kynnt fyrir stjórn Orkuveitunnar í september og gerði hún engar athugasemdir við breytingarnar. Unnið er að nánari útfærslu og gert ráð fyrir að nýtt ferli verði tekið í notkun við upphaf næsta árs. Samhliða því að þessar breytingar eiga sér stað hjá móðurfélagi Orkuveitunnar vinna dótturfélögin að sambærilegum breytingum á eigin rýniferlum sem verður einnig tekið til umræðu í viðkomandi stjórnnum.

Líkt og fram kom í upphafsorðum gegnir eigendastefna mikilvægu hlutverki sem leiðarljós stjórnar. Til þess að hún gagnist sem slíkt er mikilvægt að hún endurspegli bæði vilja eigenda og það umhverfi sem Orkuveitan starfar í, en talsverðar breytingar hafa orðið þar á frá því að stefnan var samþykkt árið 2014.

Árið 2022 var almenn eigendastefna Reykjavíkurborgar kynnt fyrir stjórn Orkuveitunnar, sem hluti af innleiðingarferli þeirrar stefnu. Í eigendastefnu Orkuveitunnar segir „Eigendastefnan er samstarfssáttmáli eigenda og verða ekki gerðar á henni breytingar nema í samkomulagi þeirra, samþykktar af sveitarstjórnnum og staðfestar á eigendafundi“ og því er eigendastefna eins eigenda félagsins ekki hluti af stjórnháttum, nema að svo miklu leyti sem hún samræmist eigendastefnu allra eigenda.

Rýni allra eigenda á eigendastefnu Orkuveitunnar er nauðsynlegt til þess að tryggja skýrleika í framfylgd stefnunnar og á fundi stjórnar Orkuveitunnar í október 2023 var eftirfarandi bókað: „Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skorar á eigendur að skipa vinnuhóp til að endurskoða eigendastefnu, sameignarsamning og eftir atvikum lög um Orkuveitu Reykjavíkur, t.d. varðandi félagsform.“

Í kjölfarið var samþykkt á eigendafundi í júní 2024 að skipa starfshóp til að endurskoða eigendastefnu, sameignarsamning og eftir atvikum lög um Orkuveitu Reykjavíkur, t.d. varðandi félagsform. Sú vinna átti að hefjast á árinu 2025, en hefur dregist þar sem fulltrúi Reykjavíkurborgar í starfshópinum hefur ekki verið skipaður. Stjórn hvetur eigendur til þess að ljúka við skipun starfshópsins og hefja vinnu við endurskoðunina.

Líkt og komið hefur fram í fyrri skýrslum um framfylgd eigendastefnu hafa komið upp álitamál um atriði í eigendastefnu, m.a. meginstarfssvæði Orkuveitunnar. Einnig hafa orðið miklar breytingar í ytra umhverfi, sem endurspeglast meðal annars í þeirri heildarstefnu Orkuveitunnar sem samþykkt var á eigendafundi 2024 ásamt samsvarandi stefnum dótturfélaga.

Varðandi lög um Orkuveitu Reykjavíkur og endurskoðun á félagsformi fyrirtækisins þá getur það haft í för með sér bæði rekstrarlegan og fjárhagslegan ávinning. Með því að breyta í hlutafélag má einfalda rekstur, auka gagnsæi og tryggja skýrari lagaramma. Slíkt form getur einnig leitt til lægri skattbyrði, betra sjóðstreymis og mögulegs sparnaðar í rekstri. Á móti fylgir ákveðinn kostnaður og tímafrekt ferli við breytinguna, en til lengri tíma getur hún styrkt fjárhagslega stöðu og traust á rekstri fyrirtækisins.

4 Framkvæmd heildarstefnu

Í sameignarsamningi Orkuveitunnar hafa eigendur fyrirtækisins falið stjórn veigamikið hlutverk er snýr að framfylgd eigendastefnu félagsins, stefnumótun og eftirfylgni með stefnu, markmiðum og mælikvörðum. Í sameignarsamningi Orkuveitunnar segir „Stjórn skal setja fyrirtækinu heildarstefnu og framtíðarsýn í samræmi við eigendastefnu og skilgreina í henni mælikvarða í rekstri fyrirtækisins. Stefnumörkun fyrir Orkuveitu Reykjavíkur skal endurspeglast í samþykktum og stefnumörkun dótturfélaga.“ Þá hefur forstjóri á hendi framkvæmd stefnu stjórnar fyrirtækisins, eins og segir í reglugerð um Orkuveitunnar og sameignarsamningi.

Í kjölfar þess að ný heildarstefna (sem sjá má á Mynd 1) var kynnt og samþykkt af eigendum í júlí 2024 hefur mikil áhersla í starfsemi Orkuveitunnar farið í framkvæmd þeirrar stefnu. Öll félög Orkuveitunnar hafa lagt mikið í stefnuvinnu á árinu og Fagráð stefnu, sem stofnað var undir lok árs 2024, hefur gegnt lykilhlutverki í því að samræma þá vinnu þvert á félög og styðja við árangursríka framkvæmd heildarstefnu Orkuveitunnar sem ein liðsheid. Í fagráðinu hefur meðal annars verið lögð áhersla á að ná fram sameiginlegri sýn á framkvæmd stefnu og að draga úr flækjustigi til þess að almennt starfsfólk eigi auðveldara með að skilja stefnuna og tengjast henni í sínum daglegu störfum.

Orkuveitan

Framtíðarsýn

Við erum aflvaki sjálfbærrar framtíðar

Hlutverk

Orkuveitan styður vaxandi samfélag, heimili og atvinnulíf með nýsköpun í orku, veitustarfsemi og kolefnisbindingu.

Stefnuáherslur

Aukló framboð og sjálfbærar lausnir
Nýttum orkuna úr náttúrunni

- Aukin orkuframlösla
- Ábyrg auðlindanýting
- Öflug veltukerfi
- Kolefnishlutleysi

Nýsköpun og öflugt samstarf
Tengjumst skapandi orku úr manniflunu

- Virðisaukandi lausnir
- Kvik og hröð innleiðing
- Árangursríkt samstarf

Árangursmiðuð liðsheid og ábyrgur rekstur
Mögnum okkar eigin frumkvöðlaorku

- Fjölbreytt liðsheid
- Skilvirk og snjöll
- Traustur rekstur
- Framsýn forysta

Fyrir viðskiptavininn
Veitum orkunni til viðskiptavina

- Ánægðir viðskiptavinir
- Snjöll og örugg þjónusta
- Fjölbreytt viðskipti

Gildin okkar

Frumkvæði | Framsýni | Hagsýni | Heiðarleiki



Mynd 1: Heildarstefna Orkuveitunnar

Í nóvember 2024 voru drög að langtímamælikvörðum fyrir heildarstefnu kynnt fyrir stjórn, en þeir meta framgang stefnunnar til lengri tíma (oftast til 2030 eða 2035). Í ár hafa mælikvarðarnir verið rýndir með aðkomu allra félaga, bæði í fagráði stefnu og í samráði við viðeigandi sérfræðinga. Ein stærsta niðurstaðan úr þeirri rýni var að endurskoða þörf og virði sameiginlegra langtímamælikvarða fyrir hluta af stefnumarkmiðunum, þar sem félög Orkuveitunnar starfa á ólíkum vettvangi og því blæbrigðamunur á hvernig þau nálgast heildarstefnuna. Fagráð stefnu lagði því fram tillögu um skiptingu stefnumarkmiða, annars vegar í 8 stefnumarkmið með sameiginlega langtímamælikvarða fyrir Orkuveituna alla og hins vegar í 6 stefnumarkmið þar sem horft er á ólíkan árangur félaganna, oftast til skemmri tíma. Þessi nálgun var

samþykkt á ársfjórðungsfundi framkvæmdastjóra móður- og dótturfélaga í mars 2025. Í kjölfarið voru mælikvarðarnir fullunnir og kynntir stjórn Orkuveitunnar í september 2025.

Fagráð stefnu hefur einnig stuðlað að bættri liðsheid í framkvæmd stefnu, bæði innan félaga og þvert á félög. Rík áhersla hefur verið á að þrátt fyrir sérstöðu hvers félags erum við öll að vinna að sömu langtíamarkmiðum og -sýn. Árangur allra félaga hefur mikilvæg áhrif á árangur Orkuveitunnar í heild (og þ.a.l. hvernig miðar í átt að framtíðarsýn og markmiðum úr heildarstefnu). Á móti, gegnir móðurfélagið einnig mikilvægu hlutverki í að styðja dótturfélögin til að þeim takist að framkvæma sínar stefnur. Þetta hefur verið kallað *Hringrás stefnu* (sjá Mynd 2) og hefur sterka tengingu við liðsheidina og það að *Við erum öll Orkuveitan*.




Mynd 2: Hringrás stefnu

Mikil áhersla hefur verið lögð á breytt vinnulag og menningarbreytingu gagnvart því hvernig starfsfólk upplifir og tengist stefnunni. Því er mikilvæg viðbót við langtímasýn og -mælikvarða að skilgreina árangur til skemmri tíma svo starfsfólk finni hvernig það hefur áhrif á að hreyfa nálina í rétta átt. Til þess hefur Orkuveitan nú tekið upp markvissa notkun OKR tólsins (Objectives and Key Results). Það er blæbrigðamunur á því hvernig tólið er nýtt í ólíkum félögum, en í grunninn eru tveir meginþættir:

- Skilgreining skammtíamarkmiða (e. objectives) til árs í senn, ásamt mælanlegum lykilárangri (e. key results) sem mun segja til um hvernig gengur að ná settu marki.
- Reglubundin eftirfylgni með hvernig miðar áfram og hvort/hvernig þurfi að uppfæra aðgerðaráætlanir í takt við það.

Skammtíamarkmið og lykilárangur (þ.e. OKR tólið) byggir mikilvæga brú milli stefnumarkmiða úr heildarstefnu Orkuveitunnar og þeirra verkefna sem starfsfólk Orkuveitunnar sinnir frá degi til dags. Í síðustu skýrslu um framfylgd eigendastefnu var sett fram mynd sem sýndi flæði stefnu, frá langtímasýn til daglegra verka og til baka. Á þeirri mynd voru verkefnaskrár og stefnuverkefni tengt beint við (langtíma) stefnumarkmið úr heildarstefnu Orkuveitunnar. Þessi mynd hefur nú verið uppfærð (sjá Mynd 3) til þess að draga fram þessa brú og það að við brjótum markmiðin til lengri tíma niður og munum setja skýrt fram mikilvægasta árangurinn sem stefnt er að því að ná hverju sinni. Með því að setja áhersluna á árangurinn

fram yfir verkefnin gefum við starfsfólki einnig aukið umboð til þess að sýna frumkvæði og vera virkir þátttakendur í framkvæmd stefnunnar.



Mynd 3: OKR aðferðafræðin byggir brú milli stefnumarkmiða til lengri tíma og þeirra verkefna sem unnið er að hverju sinni.

Í ár varð sú breyting á að móðurfélagið fór að nálgast framkvæmd stefnu heildstætt fyrir félagið allt, en áður hafði framkvæmdin verið aðskilin milli sviða. Þrátt fyrir að starfsemi sviðanna sé ólík deila þau oft sambærilegum markmiðum og kljást við svipaðar áskoranir við framkvæmd stefnu. Það er almennt mikil ánægja með þessa breytingu, bæði innan móðurfélagsins og meðal dótturfélaga. Breytingin styrkir einnig samstarf milli félaga, meðal annars í Fagráði stefnu.

Í maí var haldinn stefnudagur stjórnenda og lykilfólks í móðurfélagi þar sem drög að skammtíamarkmiðum og lykilarangri móðurfélagsins (OKR) voru skilgreind (fram til september 2026). Þessi drög voru síðan fullunninn yfir sumarið í samráði við viðeigandi sérfræðinga innan móðurfélags ásamt ábendingum frá Fagráði stefnu, framkvæmdastjórum og -stýrum dótturfélaganna og stjórn Orkuveitunnar.

Í lok ágúst var stefnudagur móðurfélagsins haldinn þar sem allt starfsfólk móðurfélags kom saman. Á fundinum var lögð áhersla á að færa stefnuna nær starfsfólki og þeirra daglega starfi, meðal annars með því að fjalla á einföldu máli um þau skammtíamarkmið sem voru kynnt, ásamt því af hverju það skiptir máli að ná þessum árangri og hvernig við stefnum að því að gera það. Einnig var farið ítarlega yfir nýja nálgun með OKR aðferðafræðinni og hvernig gildi og menning Orkuveitunnar eru undirstaða sterkrar liðsheildar og þess að við náum árangri við framkvæmd stefnunnar.

Í kjölfar stefnudagsins fór af stað markviss eftirfylgni með skammtíamarkmiðunum og hvernig gengur að ná settum árangri. Áhersla er lögð á liðsheildina, upplýsingagjöf og gegnsæi gagnvart öllu starfsfólki, óháð því hvaða félagi viðkomandi starfar hjá. Eftirfylgnin í móðurfélagi er meðal annars í formi stöðuskýrsla sem eru aðgengilegar öllu starfsfólki, ásamt fundum með framkvæmdastjórn þar sem áhersla er lögð áhættur, tækifæri og stuðning framkvæmdastjórnar við að ryðja hindrunum úr vegi. Eftirfylgni ferlið er sett upp á þann hátt að hægt sé að kafa á dýptina fyrir hvert skammtíamarkmið einu sinni á hverjum ársfjórðungi.

Í dag hafa tveir eftirfylgnifundir verið haldnir og skapaðist gott og heiðarlegt samtal um þær áskoranir sem rekstraraðilar standa frammi fyrir við framkvæmd stefnunnar. Mikil ánægja var með fundina, bæði meðal framkvæmdastjórna og rekstraraðila, og gert er ráð fyrir að þetta samtal muni gegna veigamiklu hlutverki við framkvæmd stefnu í móðurfélagi í framtíðinni. Þar sem skammtímamarkmið móðurfélagsins hafa mörg bein áhrif á dótturfélögin er einnig reglulegt samtal um stöðuna við framkvæmdastjóra og -stýrur dótturfélaganna, skipulagt ársfjórðungslega á fundi allra framkvæmdastjóra.

Gert er ráð fyrir því að stefnuvinna í móðurfélagi með OKR aðferðafræðinni muni í framhaldinu fylgja árlegum takti, þar sem ný skammtímamarkmið og lykilarangrar eru kynnt hvert haust. Þessi tímasetning var valin til þess að tengja stefnuvinnu inn í árlega fjárhagsspá Orkuveitunnar og ýta enn fremur undir að horft sé á framkvæmd stefnu sem eðlilegan hluta af starfseminni, en ekki sem einstaka átak hér og þar.

Þrátt fyrir að þessi skýrsla fari einungis í smáatriði varðandi stefnuvinnu í móðurfélagi, þá á sambærileg vinna sér einnig stað í öllum dótturfélögum. Það á m.a. við skilgreiningu á skammtímamarkmiðum og lykilarangri ásamt stefnudögum með öllu starfsfólki hvers félags.

5 Rýni stuðningsstefna

Árlegt rýni þeirra stuðningsstefna sem eigendastefna gerir kröfu um er hluti af starfsáætlun stjórnar, en líkt og kom fram í 3. kafla þessarar skýrslu stendur til að gera breytingar á ferlinu um næstu áramót. Árið 2024 var ráðist í vinnu við sameiningu slíkra stefna með það í huga að einfalda stjórnkerfið og hélt sú vinna áfram í ár. Það sem af er ári hafa allar stefnur verið teknar fyrir í stjórn Orkuveitunnar samkvæmt starfsáætlun, sem og stjórnnum dótturfélaga mánuði seinna.

Í apríl var ný mannauðs-, öryggis- og heilsustefna samþykkt en hún sameinaði tvær stefnur, annars vegar mannauðsstefnu og hins vegar stefnu í öryggis- og heilsumálum. Áður hafði vinna með stjórnendum tengt þessum tveimur stefnum fylgt sambærilegri aðferðafræði og þessi sameining einfaldar stjórnkerfið til muna og skerpir sýnina fyrir stjórnendum. Þrátt fyrir að áherslur í stefnunum tveimur hafi verið ákveðið ólíkar þá var helsti kjarninn sá sami, þ.e. að starfsfólk sé ánægt í vinnunni og komi heilt heim. Með því að sameina stefnurnar í eina hafa stjórnendur skýran fókus og heildstæða ábyrgð varðandi sitt hlutverk gagnvart starfsfólki.

Rýni á sjálfbærnistefnu leiddi af sér töluverðar breytingar, en um var að ræða fyrstu rýni frá því að ný heildarstefna Orkuveitunnar var tekin í gildi. Meðal annars var uppfærsla á þýðingarmiklum sjálfbærniþáttum sem voru endurskilgreindir og tengdir við ESRS flokka. Auk þess voru áherslur í stefnunni uppfærðar til samræmis við nýja heildarstefnu. Uppfærð stefna var samþykkt í stjórn Orkuveitunnar í maí.

Í maí var uppfærð gæðastefna einnig samþykkt, en um var að ræða óverulegar breytingar sem sneru eingöngu að mælingu stefnunnar. Mikil áhersla hefur verið á umbætur í gæðamálum í ár, m.a. með ráðningu nýs gæðastjóra, og búast má við ítarlegri rýni á stefnunni með mögulegum uppfærslum í kjölfarið á næsta ári.

Áhættustefna og arðgreiðslustefna voru samþykktar í stjórn Orkuveitunnar í október. Auk þess fara þessar stefnur í kjölfarið til staðfestingar á eigendafundi. Að lokum eru upplýsingaöryggisstefna og upplýsingatæknistefna eru síðan á dagskrá stjórnar Orkuveitunnar í nóvember, en lagt verður til að þær stefnur verði sameinaðar.

Að lokum hafa eftirfarandi stefnur verið samþykktar óbreyttar, eða með smávægilegum orðalagsbreytingum til að aðlaga að nýrri heildarstefnu: Innkaupastefna, starfskjarastefna, siðareglur og jafnréttisstefna.

6 Ákvarðanir sem hljóta skulu samþykki eigenda

Á árinu voru tvær væntanlegar ákvarðanir kynntar, sem hljóta þurfa samþykki eigenda í fyllingu tímans í samræmi við ákvæði 8. gr. eigendastefnu Orkuveitunnar. Annars vegar er um að ræða vatnsaflskost en hins vegar hugmyndir er varða Ljósleiðarann. Hvorugt málið hefur verið afgreitt, enda liggja ekki allar forsendur fyrir.

7 Lokaorð

Eigendastefna Orkuveitunnar hefur frá árinu 2014 verið traust leiðarljós stjórnar en með breytingum í samfélaginu og innri starfsemi hefur ramminn sem stefnan markar fyrir stjórn orðið óskýrari. Því ítrekar stjórn Orkuveitunnar mikilvægi þess að eigendur ljúki skipan starfshópsins sem samþykktur var á eigendafundi 14. júní 2024 að ekki verði meiri tafir á endurskoðun eigendastefnu. Mikilvægt er að stefnan endurspegli sameiginlegan vilja eigenda, samræmist uppfærðum kröfum og styðji áfram við skýra og skilvirka ákvarðanatöku stjórnar.

Líkt og kveður á um í eigendastefnu gegnir Orkuveitan veigamiklu hlutverki gagnvart samfélaginu öllu, bæði núverandi og komandi kynslóðum. Á árinu voru stigin markverð skref er varða orkuöryggi, loftslagsaðgerðir og aðgengi að auðlindum, ekki bara í dag heldur til framtíðar. Breytingar í innra skipulagi og ferlum við framkvæmd stefnu eru til þess fallin að unnt verði að halda áfram að stíga slík skref markvisst, með áherslu á að sá árangur sem næst til skemmri tíma styðji beint við langtímasýn og -markmið félagsins.